

Nd.

307. Frumvarp til laga

[132. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12, 1927.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

1. másl. 4. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur hreppur innan sinna takmarka kauptún eða þorp 300 íbúa eða fleiri, og hafa þá hvorir í sínu lagi, íbúar þorpsins og íbúar dreifbýlisins, rétt til að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig eða sameinast öðrum hreppi með þeim ummerkjum, er ráðherra ákveður eftir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar, þó skal íbúum dreifbýlisins ekki leyft að stofna sérstakt sveitarfélag, nema þeir séu minnst 100, en sameinast geta þeir öðru sveitarfélagi, þótt færri séu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér á landi hafa á síðustu árum og áratugum víða myndast kauptún og þorp innan takmarka gamalla hreppa. Oftast hefur borið á því fljótlega, eftir að slík þorp hafa stækkað og mannfjöldi aukizt fram yfir það, sem fyrir var í dreifbýli gamla hreppsins, að þarfir og félagsleg viðfangsefni hinna tveggja hreppshluta, þorps og dreifbýlis, hafa orðið sundurleit og haft í för með sér nokkra erfiðleika og sveitarfélagið af þeim sökum ekki getað verið nægilega samstæð og sterk heild.

Þetta mun löggjafinn hafa séð og þess vegna sett ákvæðið í 4. gr. sveitarstjórnarlaganna um það, að þorp með 300 íbúa eða fleiri geti sagt skilið við sinn forna hrepp og gerzt sjálfstætt sveitarfélag. Þetta hafa líka mörg hin eldri þorp gert, og sýnist hafa farið vel á þessu. Það virðist hins vegar ekki hafa verið aðgætt, að með þessu er aðeins öðrum aðilanum, íbúum þorpsins, gefinn réttur, en hinn aðillinn, íbúar dreifbýlisins í hreppnum, er réttláus í þessu efni og getur ekki sagt skilið við þorpið, þó að hann teldi sér það hagkvæmt að vera sérstakt hreppsfélag eða þá sameinast nágranna-sveit, sem komið gæti til mála að væri á margan hátt eðlilegra og hagkvæmara en vera í tengslum við þorpið, sem á flestan hátt hlýtur að hafa allt öðrum félagslegum verkefnum að sinna og gerólíkum þeim, sem sveitabyggðin þarf fyrir sig.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að háðir aðilar séu gerðir jafnrétt háir og fái sömu möguleika til frumkvæðis og ákvörðunar um það, hvort þeir stofni sjálfstætt sveitarfélag fyrir sig eða sameinist öðru sveitarfélagi, sem sjálfsagt gæti verið í sumum tilfellum heppilegast fyrir sveitabyggð, sem ekki teldi sér hagkvæmt að vera í sama hreppsfélagi og allstórt þorp.